



Verklagsreglur fyrir starfsmenn klæða- og sporaeftirlits

Klæða- og sporaeftirlit er hluti af mótisstjórn, samkvæmt grein B-5.2 c) í móta- og keppendareglum DSÍ og eru þeir sem sinna þessu eftirliti starfsmenn mótanefndar DSÍ. Þjálfarar, foreldrar og keppendur ber skylda að kynna sér gildandi reglur DSÍ um klæðnað og leyfileg spor. Þessar reglur er opinberar og hægt er að sjá þær á heimasíðu DSÍ www.dsi.is

Mikilvægt er að starfsmenn klæða- og sporaeftirlits komi fram af virðingu og kurteisi við þjálfara, liðstjóra, foreldra og keppendur með það í huga að engin er vísitandi að brjóta klæða- og sporareglur. Einnig er mikilvægt að þjálfarar, liðstjórar, foreldrar og keppendur komi fram við starfsmenn klæða- og sporaeftirlits af virðingu og taki þeim athugasemdum sem gerðar eru við klæðnað og/eða dansspor af virðingu, kurteisi og umburðarlyndi. Starfsmenn klæða- og sporaeftirlits eru ekki að gera athugasemdir nema að þeir telji að það sé þörf á því.

Innan 15 daga eftir hvert mót skal klæða- og sporaeftirlit senda skýrslu til stjórnar DSÍ og mótanefndar um þær athugasemdir sem fram komu á viðkomandi móti. Stjórn DSÍ skal síðan senda þessa skýrslu til allra aðildarfélaganna DSÍ svo félögin geti brugðist við og farið yfir klæðnað og spor félagsmanna sinna og einnig lært af þeim athugasemdum sem önnur félög fá. Mikilvægt að ferlið sé gagnsætt og til séu á vísun stað allar athugasemdir sem gerðar eru á hverju móti fyrir sig.

Sé ástæða til þá skal halda fund þar sem klæða- og sporaeftirlit fer yfir gildandi reglur og þeirra túlkun á óskýrum atriðum. Mótanefnd skal boða þessa fundi og boðið skal á hann starfsmönnum mótanefndar, stjórn DSÍ, tveimur fulltrúum frá stjórnnum aðildarfélaganna DSÍ og einum af aðalþjálfurum hvers aðildarfélag.

Klæðaeftirlit, verklagsreglur:

Tilgangur: Að fylgjast með hvort keppendur séu í löglegum klæðnaði og bregðast við á viðeigandi hátt sé svo ekki.

Verklag:

- Taki klæðaeftirlit eftir því að keppandi sé í ólöglegum klæðnaði skal hafa samband við liðstjóra eða þjálfara hjá því dansíþróttafélagi sem við á. Liðstjóri/þjálfari ásamt viðkomandi pari skal kallað að stjórnstöð þar sem farið er yfir málin ásamt mótisstjóra viðkomandi móts.
- Ef keppandi er augljóslega í ólöglegum klæðnaði skal honum gert að skipta um klæðnað fyrir næstu umferð eða strax, ef tími gefst til. Ef keppandi hefur lokið keppni skal veita liðstjóra og/eða þjálfara viðvörun.
- Sé keppandi í klæðnaði sem vafi gæti legið á að sé löglegur og ekki hefur verið gerð athugasemd við slíkan klæðnað áður, skal láta nægja að veita ábendingu til þjálfara og/eða liðstjóra viðkomandi dansfélags. Ef ekki er farið eftir ábendingu á næsta móti skal keppanda gert að skipta um klæðnað fyrir næstu umferð. Ef keppandi hefur fengið ábendingu og viðvörun og ekki farið eftir þeim skal vísa þarinn úr keppni.



Sporaeftirlit, verklagsreglur:

Tilgangur: Að fylgjast með hvort spor, sem keppendur nota, séu lögleg og bregðast við á viðeigandi hátt sé svo ekki. Einnig heyrir undir þetta starf að fylgjast með að taktur í tónlist sé réttur fyrir viðkomandi aldurflokk.

- Taki sporaeftirlit eftir því að keppendur noti ólögleg spor skal hafa samband við liðstjóra og/eða þjálfara hjá því dansfélagi sem við á. Liðstjóri/þjálfari ásamt viðkomandi pari skal kallað að stjórnstöð þar sem farið er yfir málin ásamt mótsskjóra viðkomandi móts.
- Séu keppendur að dansa spor sem vafi leikur um að séu lögleg og ekki hefur verið gerð athugasemd við sporin áður, skal láta nægja að koma með ábendingu til þjálfara og/eða liðstjóra viðkomandi dansíþróttafélags.
- Sporaeftirlit skal meta hversu gróft brot á sporareglum sé um að ræða. Ef sporaeftirlit metur að brotið sé gróft þá skal bregðast við á eftirfarandi hátt.
 - 1. Ef upp kemst um brotið áður en viðkomandi lýkur keppni skal láta þjálfara eða liðstjóra viðkomandi pars vita að ef parið dansar umrædd ólögleg spor aftur verði þeim vísað úr keppni.
 - 2. Ef viðkomandi hefur lokið keppni skal veita viðvörun til þjálfara og/eða liðstjóra.
 - 3. Ef ekki er farið eftir viðvörun á næsta móti skal vísa keppendum úr keppni.
- Komi í ljós að taktur í tónlist fyrir ákveðinn aldursflokk sé ekki réttur skulu starfsmenn sporaeftirlits koma athugasemd til mótsskjóra. Hann skal sjá um að viðkomandi tónlist verði ekki notuð aftur og láta viðkomandi aldursflokk dansa aftur ef hægt er.

Samþykkt á stjórnarfundum þann 26. janúar 2011